

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	21.9.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alur	<b>Fulltrúi UST</b>	Hrönn G. Guðmundsdóttir
<b>Heimili</b>	Borgartúni 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5903982099	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Matthías Matthíasson	<b>ÍSAT nr.</b>	27.42 Ávinnsla
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan hætti starfsemi í mars 2015 og vinnur nú að frágangi við rekstrarstöðvun. Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi vegna umhverfsvöktunarmælinga og athugasemdir voru gerðar við áætlun vegna rekstrarstöðvunar og ráðstöfunar gjallsands en rekstraraðili hefur frest til 15. október nk. til að ljúka við flutninga á gjallsandinum í flæðigryfjur Norðuráls á Grundartanga.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsheimsóknin hófst á skoðun á vinnslurými og lóð verksmiðjunnar. Verið er að vinna að hreinsun og frágangi lóðarinnar. Í vinnslurýminu eru um 5000 tonn af álgjali sem bíður flutnings á Grundartanga þar sem að það verður unnið í ofnum Kratusar ehf. Auk þess er fiskikar með blönduðum úrgangi sem áætlað er að fari í förgun í Kólku. Rekstraraðili vinnur að frágangi húsnæðisins og lóðarinnar í samráði við Síldarvinnsluna ehf sem er eigandi lóðarinnar og húsnæðisins.

Þá var sest niður og farið yfir gagnaskil og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar liggur fyrir frá 2013. Áætlunin tekur á meginþáttum við frágang vegna rekstrarstöðvunar en tímasetningar á framkvæmd hvers verkþáttar liggja ekki fyrir. Auk þess kemur ekki nógu skýrt fram í áætluninni hvernig staðið skuli að frágangi á húsnæði og lóð við rekstrarstöðvunina og ráðstöfun framleiðsluúrgangs.

Þá var rætt um ráðstöfun gjallsands en rekstraraðili hefur frest til 15. október til að flytja uppsafnaðar birgðir af gjallsandi í flæðigryfjur Norðuráls á Grundartanga. Rekstraraðili hefur ekki hafið flutninga á gjallsandinum í flæðigryfjunar. Þá var minnt á að flutningsaðilar skuli vera með gild ADR réttindi og gengið sé frá farminum á viðeigandi hátt við flutningana.

Erindi rekstraraðila um að nýta áfram skolgryfjur í Helguvík fyrir gjallsand sem fellur til hjá Kratus ehf. á Grundartanga er til meðferðar hjá stofnuninni. Þegar til lokunar kemur skal gengið frá skolgryfjunni í samráði við eiganda lóðarinnar.

Búið er að koma megninu af öðrum úrgangi þ.m.t. ofnfóðringum frá verksmiðjunni til viðurkenndra móttökuaðila. Ofninn, reykahreinsivirki, mót og annar búnaður var fluttur á Grundartanga þar sem að hann er nýttur í verksmiðju Kratusar ehf.

Þá var rætt um umhverfsvöktunarmælingar í sjó og jarðvegi en niðurstöðum þeirra á að skila fyrir 1. maí árlega. Ekki er búið að gera mælingar fyrir árið 2015 en rekstraraðili hefur fengið tilboð í verkið og fyrirhugað að þeim verði lokið fyrir árslok. Vöktun skal haldið óbreyttri áfram amk næstu þrjú ár en áframhaldandi vöktun eftir það metin út frá niðurstöðum vöktunarmælinganna.

### Frávik frá

Grein 5.1 og 5.3 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal standa fyrir mælingum í sjó og jarðvegi sbr. samþykktu vöktunaráætlun og skila niðurstöðum þeirra í skýrslu fyrir 1. maí ár hvert. Mælingar fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir.

## ATHUGASEMDIR

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar þarfnast uppfærslu. Betur þarf að gera grein fyrir þeim verkþáttum sem þarf að standa að s.s. frágangi á húsnæði og lóð og tímasetja þá verkþætti sem eftir eru og áframhaldandi vöktun á svæðinu. Þegar framkvæmd lokunaráætlunarinnar er lokið getur rekstraraðili óskað eftir niðurfellingu starfsleyfisins.

Enn eru flutningar á gjallsandi í flæðigryfju Norðuráls á Grundartanga ekki hafnir en í samþykktri úrbótaáætlun frá 9. október 2014 er farið fram á að flutningarnir ættu að hefjast sem fyrst en þeim skuli lokið fyrir 15. október 2015.

Reykjavík, 21.10.2015



Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.